

**535. fundur hreppsnefnd Tálknafjarðarhrepps haldinn
Strandgötu 38, 13. desember 2018
og hófst hann kl. 18:00.**

Fundinn sátu:

Bjarnveig Guðbrandsdóttir (BG), Guðni Ólafsson (GÓ), Ingibjörg Ósk Þórhallsdóttir (IÓP), Björgvin Smári Haraldsson (BSH), Lilja Magnúsdóttir (LM) og Bryndís Sigurðardóttir (BS).

Fundargerð ritaði: Bryndís Sigurðardóttir, sveitarstjóri

Dagskrá:

Oddviti býður fundarmenn velkomna og óskar eftir athugasemdir við fundarboðun, svo var ekki. Oddviti óskar eftir að taka mál á dagskrá sem er gjaldskrá leikskóla, seinni umræða. Dagskrárliðurinn verður númer 17 og færast aðrir liðir niður. Samþykkt samhljóða.

1. Fundargerðir 2018 - Samband íslenskra sveitarfélaga. - 1802017

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

2. Fræðslu-,menningar-,íþróttu-, æskulýðsnefnd - 24 - 1811009F

Fundargerðin borin upp í heild sinni og samþykkt samhljóða

2.1 1811077 - Gjaldskrá 2019 leikskóli

2.2 1811076 - Gjaldskrá 2019 Íþróttamiðstöð og tjaldstæði

2.3 1811095 - Fjárhagsáætlun 2019 FMÍogÆ nefnd

2.4 1808036 - Upplýsingagjöf: skólastjóra

2.5 1811043 - Áætlun framlög vegna nýbúafræðslu 2018

2.6 1808002 - Gögn og leiðbeiningar fyrir nýjar skólanefndir

2.7 1711010 - Fundur: Aukafundur BsVest

3. Atvinnu- og hafnarnefnd - 21 - 1811011F

Sveitarstjórn tekur fyrir lið 3.1 Gjaldskrá hafnar og leggur til eftirfarandi breytingar:

17. gr. þar sem við á að bæta eftirfarandi texta: Gjald sem innheimt er fyrir öll skip sem ekki falla undir 1. mgr. 11. gr. e í lögum um varnir gegn mengun hafs og stranda nr. 33/2004.

24. gr. Tilkynning um þjónustu hafnar skal hafa borist hafnarstarfsmanni á vakt fyrir klukkan 21:00.

Samþykkt samhljóða

Sveitarstjórn tekur fyrir lið 3.2 og leggur til eftirfarandi breytingu:

Verð fyrir fullorðna verði 1.700 í stað 1.550, annað óbreytt

Samþykkt samhljóða

3.1 1811040 - Gjaldskrá höfn 2019

3.2 1811046 - Gjaldskrá Tjaldstæði 2019

3.3 1811041 - Fjárhagsáætlun 2019 Hafnarsjóður

3.4 1811042 - Löggilding viktarmanns

3.5 1811069 - Veiðigjald - sérstakt strandveiðigjald til hafna

4. Fundargerðir 2014-2016 Velferðarráð - 1812039

Samþykkt samhljóða

5. Fundargerðir Samráðsnefnd 2018 - 1801052

Tillaga að bókun:

Sveitarstjórn Tálknafjarðarhrepps vill bæta eftirfarandi við bókun samráðsnefndar: Í niðurstöðum valkostagreiningar Viaplan er réttur þeirra íbúa sem búa vestan við Reykhóla alvarlega sniðgenginn með því að hunsu umferðartölur á Vestfjarðavegi frá árinu 2017 þar sem veruleg aukning í umferð er talin möguleg villa en ekki aukning í atvinnuakstri eins og fyrirtæki hér á sunnanverðum Vestfjörðum geta borið vitni um. Slík nálgun á jafnmikið hagsmunamál og bætta samgöngur eru fyrir íbúa á sunnanverðum Vestfjörðum er algjörlega óafsakanleg og óskiljanleg. Sveitarstjórn Tálknafjarðarhrepps krefst þess að tekið sé fullt tillit til hagsmuna íbúa og fyrirtækja á sunnanverðum Vestfjörðum af bættum samgöngum og styttri vegalengd þar sem að öðrum kosti mun kostnaður af lengri akstri falla á þá notendur sem koma vestan að en ekki íbúa Reykhólahrepps. Slíkt er óásættanlegt á tímum baráttu við loftslagsbreytingar og hagræðingar í samgöngumálum.

Samþykkt samhljóða

6. Samþykkt um kjör fulltrúa í stjórnun, ráðum og nefndum - 1812001

Samþykkt samhljóða

7. Samþykktir-gjaldskrár 2019 um hunda og ketti - 1812007

Samþykkt samhljóða

8. Gjaldskrá 2019 Bókasafn - 1812010

Samþykkt samhljóða

9. Gjaldskrá 2019 Íþróttamiðstöð - 1811076

Samþykkt samhljóða

10. Reglur um tekjutengdan afslátt af fasteignaskatti - 1812003

Samþykkt samhljóða

11. Reglur Tálknafjarðarhrepps um sérstakan húsnæðisstuðning - 1812002

Samþykkt samhljóða

12. Gjaldskrá Útvarsprósenta 2019 - 1811074

Sveitarstjórn samþykkir við seinni umræðu um fjárhagsáætlun að útvarsprósenta sé óbreytt 14,52%

Samþykkt samhljóða

13. Gjaldskrá Fasteignaskattur 2019 - 1811075

Sveitarstjórn samþykkir við seinni umræðu að gjaldskrá fasteignagjalda verði óbreytt frá árinu 2018 þó með eftirfarandi breytingum:

Sorphreinsunargjald, íbúðir verði 20.000
Sorpeyðingargjald, íbúðir verði 32.500
Umhverfisgjald, sumarhús, lögbýli, verði 32.500

Samþykkt samhljóða

14. Reglur um styrki til greiðslur fasteignaskatts til félaga og félagasamtaka - 1812004

Samþykkt samhljóða

15. Gjaldskrá 2019 Tónlistarskóli - 1812021

Samþykkt samhljóða

16. Gjaldskrá 2019 fyrir móttöku á gámavelli - 1812005

Samþykkt samhljóða

17. Gjaldskrá 2019 leikskóli - 1811077

Lögð er fram tillaga að gjaldskrá leikskólans þar sem leikskólagjöld eru lækkuð.

E-listinn mótmælir harðlega þeirri fyrirætlun meirihluta sveitarstjórnar að ætla að lækka leikskólagjöld frá auglýstri gjaldskrá á heimasíðu sveitarfélagsins frá 2013. Bryn nauðsyn er til að halda vel utan um allar mögulegar tekjuleiðir sveitarfélagsins þar sem ljóst er að sveitarfélagið mun eiga erfitt með að standa straum af lögbundinni þjónustu við íbúa þess eins og fjárhagsstaða þess er í dag. E-listinn er algjörlega á móti lækkun tekjustofna hverjir sem þeir eru og greiðir atkvæði gegn þessari gjaldskrá.

Tillaga lista óháðra er samþykkt með fjórum atkvæðum. LM á móti

18. Fjárhagsáætlun 2019 - 1810062

Lagðar eru fram af lista óháðra eftirfarandi breytingar á gjaldskrá

Tálknafjarðarskóla:

Hádegismatur ávextir kr. 10.700 á mánuði

Lengd viðvera kr. 300 pr. klukkustund

Morgunmatur kr. 1.900 á mánuði.

Samþykkt samhljóða

Bókun E-listans varðandi fjárhagsáætlun 2019

E-listinn gerir alvarlegar athugasemdir við rekstrarkostnað þjónustumiðstöðvar sveitarfélagsins og óskar eftir endurskoðun á rekstri hennar á nýju ári.

Áður hefur verið bókuð andstaða E-listans við lækkun á gjaldskrá leikskólagjalda.

E-listinn telur einsýnt að sveitarfélagið þurfi að fara mjög varlega í öllum útgjöldum á næsta ári og gæta aðhalds í rekstri á öllum sviðum til að áætlunin standist. Að öðru leyti gerir E-listinn ekki athugasemdir við fjárhagsáætlunina.

Fjárhagsáætlun er samþykkt samhljóða og sveitarstjórn þakkar sveitarstjóra fyrir mikla og góða vinnu við gerð fjárhagsáætlunar.

19. Byggðakvóti 2018-2019 - 1810030

Sveitarstjórn felur sveitarstjóra að óska eftir fresti til að afgreiða reglur vegna byggðakvóta.

Listi óháðra óskar eftir að haldinn verði fundur með sveitarstjórn og þeirra sem telja sig eiga hagsmuna að gæta þann 2. janúar. Fundarstaður auglýstur síðar. Sveitarstjóra falið að auglýsa fundinn.

Samþykkt samhljóða.

20. Umboð til kjarasamningsgerðar - 1812016

Sveitarstjóra er falið að ganga frá umboði til kjarasamningsgerðar.

Samþykkt samhljóða

21. Vatn Beiðni um kaup á heitu vatni - 1812022

LM lýsir sig vanhæfa til að fjalla um málið sökum skyldleika við aðila máls.

Sveitarstjórn tekur jákvætt í erindið en frestar málinu þar sem ekki er fyrirbyggjandi gjaldskrá og samþykktir varðandi hitaveitu.

Samþykkt af fjórum, LM situr hjá.

23. Styrkur umsókn um styrk frá UMFT - 1812055

UMFT sækir um 300.000 kr styrk.

Samþykkt með fjórum atkvæðum, BSH situr hjá.

24. Til umsagnar - 1812092

Sveitarstjórn sendir ekki umsögn

Samþykkt samhljóða

25. Samráðsvettvangur Sóknaráætlunar - 1811100

Fjórðungssamband Vestfjarða óskar eftir tilnefningum Tálknafjarðarhrepps í samráðsvettvang Sóknaráætlunar.

Sveitarstjórn velur eftirfarandi aðila í vettvanginn:
Sveitarfélag - Bryndís Sigurðardóttir
Atvinnulíf - Jón Örn Pálsson
Nýsköpun / skapandi greinar - Lilja Magnúsdóttir
Rannsóknir - Nancy Rut Helgadóttir

Samþykkt samhljóða

**26. Ársreikningar og fundargerðir Rannsóknar og nýsköpunarsjóðs
Barðastrandarsýslu frá 2015 - 1812049**

Sveitarstjórn harmar framgöngu fulltrúa Tálknafjarðarhrepps í stjórn Ranniba.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða ársreikninga og skýrslu Ranniba.

27. Orlofsgreiðslur - trúnaðarmál - 1811031

28. Hjallastefnan, framlag til Brúar - 1811108

Sveitarstjóra falið að vinna málið og kanna réttarstöðu sveitarfélagsins.

Samþykkt samhljóða.

22. Vatnsveita, áhættuskoðun Almanna- og Vestfjarðum. - 1811050

29. Vöðvasullur á Vesturlandi - 1811037

30. Framlög til MEÓ Aukaframlög v. Brúar - 1812058

**31. Reglugerð um stefnumótandi áætlun um málefni sveitarfélaga í samráðsgátt -
1812028**

32. Ársskýsla 2017 Þjóðskrár Íslands - 1812069

33. Ársskýrsla 2017 Póst og fjarskiptastofnun - 1812067

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 21:00.

Bjarnveig Guðbrandsdóttir
(BG)

Guðni Ólafsson (GÓ)

Ingibjörg Ósk Þórhallsdóttir
(IÓÞ)

Björgvin Smári Haraldsson
(BSH)

Lilja Magnúsdóttir (LM)

Bryndís Sigurðardóttir (BS)
